

29. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 9. mars og hófst hann kl. 09:00.**Fundinn sátu:**

Elín Grétarsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir og Egill Sigurðsson. Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

Oddviti setti fund, bauð fundarmenn velkomna og leitaði eftir athugasemdum við fundarboðið.

Dagskrá

1. Ásaljós
2. Fundargerðir
3. Erindi til hreppsnefndar
4. Íþrótt- og tómstundastyrkur, reglur
5. Ásgarður
6. Göngu- og reiðleiðanefnd
7. Matsgerð vegna hitaveitu
8. Mat á vatnsréttindum
9. Næsti fundur hreppsnefndar

Gengið til dagskrár:**1. Ásaljós**

Undir þessum lið mætti Guðmundur Daníelsson verkefnisstjóri ljósleiðaraverkefnisins kynnti niðurstöður fyrir hreppsnefnd. Kerfið er tengt 93 tengistöðvum af ýmsum toga og hafa nú þegar 65 heimili pantað sér þjónustu um kerfið. Kostnaður við verkefnið er 84 milljónir króna auk virðisaukaskatts eða 83% af kostnaðaráætlun verksins. Lega ljósleiðaralagna eru nú þegar aðgengilegar á vefslóðinni www.map.is/suðurland. Hreppsnefnd felur verkefnisstjóra að gefa út verklokaskýrslu út frá þeim niðurstöðum sem kynntar voru á fundinum og ljúka þar með verkefninu á formlegan hátt. Vinna við útfærslu á rekstrarfyrirkomulagi á kerfinu var kynnt og felur hreppsnefnd sveitarstjóra að ljúka þeirri vinnu í samræmi við framlagðar upplýsingar.

Hreppsnefnd Ásahrepps vill þakka Guðmundi Daníelssyni fyrir gott og traust samstarf.

Samþykkt.

GD vikur af fundi.

2. Fundargerðir**a) 2. fundur Öldungaráðs, haldinn 25. janúar sl.**

Lagt fram til kynningar.

b) 40. fundur stjórnar Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps bs. haldinn 5. febrúar sl.

Lagt fram til kynningar.

c) 104. fundur skipulagsnefndar, haldinn 11. febrúar sl.

Lagt fram til kynningar.

d) 176. stjórnarfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn 12. febrúar sl.

Lagt fram til kynningar.

e) 177. stjórnarfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn 19. febrúar sl.

Lagt fram til kynningar.

f) 2. fundur stjórnar Odda bs. haldinn 22. febrúar sl. Liður 1 þarfnast umfjöllunar.

Liður 1. 1. 1508050 - Reglur um innritun í leikskóla

Tillaga hljóðar svo:

Börn raðast á biðlista eftir aldri, þau elstu fyrst, nema sérstakar aðstæður mæli með að barn verði í forgangi.

Hreppsnefnd

1. forgangur: Fötluð börn og börn með alvarleg þroskafrávik. Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja með umsókn. Börn starfsfólks leik- og grunnskólanna. Beiðni frá skólastjórum skal fylgja umsókn.

2. forgangur: Börn sem búa við erfiðleika í félagsumhverfi og börn með þroskafrávik. Erfiðleikar teljast t.d. barnaverndarmál, alvarleg veikindi eða fötlun hjá fjölskyldumeðlimum barnsins. Vottorð frá lækni eða sérfræðingi skal fylgja umsókn. Börn með foreldra undir lögaldri, börn einstæðra forráðamanna með fleiri en eitt barn á framfæri, þrjúburar.

Önnur atriði: Breytingar á vistunartíma miðast við mánaðamót. Meginreglan er að breytingar á vistunartíma séu leyfilegar við upphaf skólaárs og um áramót.

Niðurstaða fræðslunefndar:

Lagðar fram endurskoðaðar reglur um innritun í leikskóla. Tillaga um að samþykkja reglurnar eins og þær liggja fyrir.

Samþykkt samhljóða.

Niðurstaða stjórnar Odda bs.:

Tillaga um að staðfesta niðurstöðu fræðslunefndar.

Samþykkt samhljóða.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir og staðfestir fyrirbyggjandi tillögur.

g) 31. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu, haldinn 22. feb. sl.

Lagt fram til kynningar.

h) 20. fundur stjórnar Lundar, haldinn 22. febrúar sl.

Lagt fram til kynningar.

i) 21. fundur stjórnar Lundar, haldinn 29. febrúar sl.

Lagt fram til kynningar.

j) 33. stjórnarfundur stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. haldinn, 25. febrúar.

Lagt fram til kynningar.

k) 105. fundur skipulagsnefndar Uppsveita, haldinn 25. febrúar sl. Mál nr. 24 þarfnast umfjöllunar.

Mál nr. 24 1602047 - Holtamannaafréttur: Breyting á afmörkun þjóðlendu á uppdrætti

Lagður fram uppdráttur sem sýnir hnitsetta afmörkun þjóðlendunnar Holtamannaafréttur Inr. 221893.

Að mati nefndarinnar ætti afmörkun þjóðlendunnar að fara eftir sveitarfélagamörkun Ásahrepps og Rangárþings Ytra. Miðað við það er hnitpunkturinn ho1 í Sultartangalóni ekki réttur.

Skipulagsfulltrúa falið að óska eftir álitni óbyggðanefndar á málinu.

Hreppsnefnd samþykkir tillögu skipulagsnefndar.

l) 41. fundur stjórnar Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. haldinn 3. mars sl.

Lagt fram til kynningar.

3. Erindi til hreppsnefndar

a) Beiðni frá nemendum í 9. bekk Laugalandsskóla um að styrkja útgáfu skólablaðs sem gefið er út árlega.

Samþykkt að kaupa heilsíðu auglýsingu, 20.000 kr.

b) Beiðni frá Krabbameinsfélagi Íslands um stuðning vegna Mottumars 2016.

Samþykkt að styrkja um 7500 kr.

c) Beiðni frá Einari G. Magnússyni héraðsskjalaverði um að fá gögn frá sveitarfélaginu til skráningar og varðveislu.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að vinna málið áfram í samstarfi við Einar.

d) Beiðni frá formanni Ungmennafélags Ásahrepps um niðurfellingu fasteignagjalda á félagsheimilinu Ásgarði.

Samþykkt að veita styrk á móti fasteignagjöldum að upphæð 64.683 kr. eins og áætlun álagningar gerir ráð fyrir árið 2016.

e) Beiðni um auglýsingu í blaðinu, Neistinn 1. tbl. 2016 - 20 ára afmæli Styrktarsjóðs Neistans.
Samþykkt að kaupa styrktarlínu 9000 kr.

f) Beiðni frá markaðs- og kynningar fulltrúa Rangárþings eystra um þátttöku Ásahrepps í þjónustukorti Rangárþings og Mýrdals. Kostnaðarskipting miðast við íbúafjölda.
Samþykkt að taka þátt í þjónustukorti Rangárþings og Mýrdals. Fulltrúi Ásahrepps í verkefninu er formaður atvinnu-, jafnréttis- og ferðamálanefndar.

g) Bréf dagsett 22. febrúar frá Landgræðslu ríkisins. Efni: Afgreiðsla umsóknar til Landbótasjóðs 2016. Ákveðið hefur verið að veita Ásahreppi styrk að upphæð 2.540.000 kr. Landbótasjóður Landgræðslunnar styrkir verkefnið. Gögnum og öðru um framkvæmdir ársins skal skila til Landgræðslunnar fyrir 1. október 2016.

Samþykkt að vísa erindinu til fjallskiladeildar Holtamannafréttar.

h) Erindi frá stjórn íþróttafélagsins Garps vegna hlaupabrautar
Frjálsar íþróttir hafa notið sívaxandi vinsælda hjá iðkendum í íþróttafélaginu Garpi. Æfingar hafa verið haldnar allt árið um kring, innanhúss að Laugalandi og utanhúss yfir sumartímamann að Brúarlundi í Landsveit, undir styrki stjórn Haraldar Gísla Kristjánssonar í Hólum. Á Brúarlundi er aðstaða til frjálsíþróttaiðkunar afar einföld, á ósléttu undirlagi á grasmel við bakka Minni-Vallalækjar. Árangur Garpa á mótum á héraðs- og landsvísu hefur engu að síður verið afar góður og eigum við keppendur í fremstu röð. Við teljum þó að með bættri aðstöðu getum við stutt enn og betur við unga fólkið okkar og það frábæra starf sem unnið er með því og jafnað þann aðstöðumun sem það býr við. Því förum við þess á leit við sveitarstjórnir Ásahrepps og Rangárþings ytra að bæta úr þessu aðstöðuleysi með lagningu tartan-hlaupabrautar að Laugalandi. Slík braut myndi nýtast iðkendum á svæðinu allt árið um kring og aðstaða til frjálsíþróttaiðkunar stórbatna. Einföld braut sem nýtist bæði í hlaupagreinum og sem aðhlaupsbraut fyrir stökkgreinar væri strax góð byrjun. Íþróttafélagið Garpur er tilbúið að koma að undirbúningi og framkvæmd þessa verkefnis ef af verður. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir að vísa erindinu til Húsakynna bs. til nánari skoðunar.

i) Erindi frá stjórn íþróttafélagsins Garps vegna sparkvalla
Stjórn Garps skorar á sveitastjórnir Rangárþings ytra og Ásahrepps að skipta hið fyrsta um yfirborð/gervigras á sparkvelli að Laugalandi í Holtum. Ástæðan er sú að rannsóknir hafa sýnt fram á skaðsemi efna sem í gervigrasinu/gúmmíinu eru. Læknafélag Íslands benti á það árið 2010 að í dekkjakurli eru ýmis eiturefni sem vitað er að valda skaða. Í ályktun frá aðalfundi félagsins segir meðal annars „Í dekkjakurli eru krabbameinsvaldandi efni og önnur eiturefni sem geta verið hættuleg fyrir börn og aðra iðkendur íþróttá gervigrasvöllum. Í ýmsum nágrannalöndum okkar er mælt með takmörkun á notkun dekkjakurls vegna þessara efna. Slíkar takmarkanir eru í Þýskalandi og Svíþjóð. Norðmenn hafa rannsakað nokkuð og bent á hættuna á umhverfisáhrifum af kurlinu á nærlendi gervigrasvalla. Það er viðurkennt að í hjólbörðum eru ýmis eiturefni sem meðhöndla verður af varúð. Skýrar reglur eru til staðar um meðhöndlun og förgun ónýtra hjólbörða en þegar búið er að kurla dekkinn niður og dreifa þeim á íþróttasvæði barna og unglunga gilda reglurnar ekki. Þó er ljóst að eiturefnin eiga mun greiðari leið út í umhverfið úr dekkjakurlinu en þegar þau eru bundin í heila hjólbörða“. „Þetta eru efni eins og Benzapyren sem er krabbameinsvaldandi, dietyxhexylftalat og butylbenzylftalatsem valda ófrjósemi, fenol sem safnast fyrir í náttúrunni og hefur langtímaáhrif þar, zink sem í of hárrí þéttni er eitrað fyrir lífverur, og blý sem veldur ófrjósemi og skemmdum á taugakerfi en börn eru sérstaklega næm fyrir áhrifum blýs. Sexgilt króm finnst einnig í hjólbörðum en vitað er að það efni veldur bæði ófrjósemi og krabbameini,“ segir í greinargerð með ályktuninni. Sjá nánar: <http://www.laeknabladid.is/tolublod/2010/11/nr/4017>.

Stjórn Garps hvetur alla sem áhuga hafa á heilsuvernd barna og unglunga að beita sér fyrir þessu mikilvæga málefni.

Hreppsnefnd samþykkir ofangreint erindi fyrir sitt leyti og telur að ekki sé eftir neinu að bíða í endurnýjun á sparkvellinum. Endurnýjun sparkvallar ætti að vera í forgangi í framkvæmdum hjá Húsakynnum bs. Erindinu vísað til afgreiðslu í Húsakynnum bs.

4. Íþrótt- og tómstundastyrkur, reglur

Styrkurinn er fyrir börn og ungmenni upp að 18 ára aldri, miðað við fæðingarár. Skilyrði er að bæði barn og foreldri eigi lögheimili og séu með aðsetur í Ásahreppi. Styrkurinn er hægt að nýta til niðurgreiðslu á skipulögðu starfi sem er stundað undir leiðsögn viðurkenndra þjálfara eða leiðbeinanda. Þetta á við um starfsemi viðurkenndra íþróttafélaga, æskulýðsfélaga, nám við tónlistarskóla, dansskóla, myndlistarskóla og fl.

Meginmarkmið tómstundastyrksins er að auka valfrelsi, jafnrétti og fjölbreytni á sviði íþrótt- og tómstunda með þátttöku barna og unglunga í uppbyggilegu frístundastarfi, óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Gildi þess að taka þátt í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi fyrir börn og unglunga er ótvírætt hvað varðar líkamlega, andlega og félagslega heilsu.

Íþrótt- og tómstundastyrkurinn nemur allt að 50.000.- kr. á árinu 2016 á hvern iðkenda. Styrkur getur aldrei orðið hærri en sem nemur æfingagjaldi viðkomandi íþrótt- eða tómstundagreinar. Styrkumsækjandi skal skila inn þar til gerðu umsóknareyðublaði sem nálgast má á heimasíðu Ásahrepps ásamt greiðslukvittun til skrifstofu Ásahrepps, á netfangið asahreppur@asahreppur.is eða í pósti.

Á greiðslukvittun þarf að koma fram nafn/kennitala félags, nafn og kennitala iðkenda, dagsetning greiðslu, íþrótt/tómstund og tímabil. Umsóknir þurfa að berast fyrir 15. des, fyrir árið 2016.

Verði um ofgreiðslu að ræða á styrki áskilur Ásahreppur sér rétt til endurgreiðslu. Sé ofgreiðsla á grundvelli þess að umsækjandi hafi gefið upp rangar upplýsingar eða hann hafi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til styrks er heimilt að leggja dráttarvexti á upphæð endurkröfunnar.

Reglur þessar verða endurskoðaðar eins oft og þurfa þykir.

Samþykkt. Jafnframt vill hreppsnefnd hvetja börn, ungmenni og forráðamenn þeirra til að nýta sér styrkinn.

5. Ásgarður

Eftirfarandi dreifibréf hefur verið sent út til íbúa Ásahrepps:

Ungmennafélag Ásahrepps hefur farið þess á leit við Ásahrepp að hreppurinn yfirtaki félagsheimilið Ásgarð sem stendur við Ás 1. Á 26. fundi hreppsnefndar Ásahrepps þann 9. desember s.l. var ákveðið að mynda tímabundinn starfshóp vegna framtíðar Ásgarðs. Helsta hlutverk starfshópsins er að setja verkefninu ramma að hugmyndaleit og framtíðarnýtingu Ásgarðs. Starfshópurinn skipa þau: Brynja Jóna Jónasdóttir, Guðmundur Hauksson, Hulda Brynjólfsdóttir, Jakob S. Þórarinsson og Nanna Jónsdóttir.

Hér með óskar starfshópurinn eftir tillögum frá íbúum Ásahrepps um hvernig þeir sjá fyrir sér eignarhald og nýtingu hússins í framtíðinni. Tillögur má senda á skrifstofu Ásahrepps (merkt Ásgarður) eða netfangið asahreppur@asahreppur.is. Tillögum má einnig koma á framfæri símleiðis við fulltrúa í starfshópnum. Tillögur þurfa að berast fyrir fimmtudaginn 17. mars n.k. Til upplýsingar skal bent á að verkfræðistofan Verkís hefur framkvæmt ástandsskoðun á Ásgarði. Samkvæmt frumáætlun er gert ráð fyrir því að heildarkostnaður við endurbætur á húsnæðinu geti numið 10,1 millj. kr. Skýrslu með niðurstöðum ástandsskoðunarinnar og samantekt frá fyrsta fundi starfshópsins má nálgast á heimasíðu Ásahrepps, undir upplýsingar <http://www.asahreppur.is/upplýsingar/>.

Þó nokkur viðbrögð hafa verið við dreifibréfinu. Starfshópurinn sækir um frest til 8. apríl nk. til að skila af sér tillögu til hreppsnefndar.

Samþykkt. Jafnframt vill hreppsnefnd hvetja íbúa til að senda inn tillögur.

6. Göngu- og reiðleiðanefnd

Hreppsnefnd samþykkir að stofna göngu- og reiðleiðanefnd. Nefndinni er ætlað að gera tillögu að framtíðarskipulagi göngu- og reiðleiða í byggð með það að markmiði að fjölga möguleikum íbúa til útivistar og gera svæðið áhugaverðara til búsetu.

Hreppsnefnd

Nefndina skipa: Birgir Skaptason, Ingibjörg Sveinsdóttir, Ísleifur Jónasson, Jóhanna Hilmarsdóttir, Rúnar Sigurðsson og Nanna Jónsdóttir.

NJ falið að kalla nefndina saman.

Nefndin skal starfa út kjörtímabilið.

Samþykkt.

7. Matsgerð vegna hitaveitu

Lögð fram til kynningar matsgerð frá dómkvöddum matsmanni, Lárusi Elíassyni vegna hitaveitu í Ásahreppi og uppgjör við Orkuveitu Reykjavíkur.

ES og NJ falið að vinna málið áfram í samstarfi við Páll Arnór Pálsson, lögmann Ásahrepps í málinu, þ.m.t. að funda með OR í þeim tilgangi að ná samningum við OR.

8. Mat á vatnsréttindum

Tillaga um að óska eftir því að Þjóðskrá Íslands meti vatnsréttindi við Tungnaá og Þjórsá til fasteignamats vegna Hrauneyjafossvirkjunar, Sigölduvirkjunar, Vatnsfellsvirkjunar og Búðarhálsvirkjunar.

Samþykkt.

9. Næsti fundur hreppsnefndar

Næsti fundur hreppsnefndar verður 13. apríl nk. á Laugalandi kl. 09:00.

Til kynningar:

- A. Samband íslenskra sveitarfélaga, Tíðindi febrúar 2016
- B. Áskorun vegna niðurskurðar hjá sveitarfélögum, umboðsmaður barna
- C. 9. fundur fræðslunefndar Odda bs.
- D. Polmarkaskýrsla - LT rannsóknir og ráðgjöf ehf
- E. Glærur af kynningarfundi stjórnar SASS með sveitarstjórnarmönnum á Suðurlandi
- F. Ályktun stjórnar Heimilis og skóla um niðurskurð í skólum landsins
- G. Umræðufundir á Suðurlandi - Þróunarverkefni um endurskoðun upplýsingaveitu
- H. FSU-fundargerð og kynningar
- I. Til umsagnar 328. mál frá nefndasviði Alþingis
- J. Fritíminn er okkar fag: samantekt ráðstefnu
- K. Ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði 2016
- L. Til umsagnar 458. mál frá nefndasviði Alþingis
- M. Frá nefndasviði Alþingis - 296. mál til umsagnar
- N. Frá nefndasviði Alþingis - 219. mál til umsagnar
- O. Frá nefndasviði Alþingis - 150. mál til umsagnar
- P. Frumvarpsdrög til kynningar á vef ráðuneytisins
- Q. Rív áhorf og hlustun, SKJÁR Helgarpakki og hlustunartölur
- R. Framboð til stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.
- S. Jafnrétti í sveitarfélögum - málþing og námskeið
- T. Alþýðusamband Íslands 100 ára 12. mars
- U. Fréttabréf ASÍ - Febrúar 2016
- V. Menntun til framtíðar: Háskólamenntaðir án atvinnu, vannýttur auður
- W. Boðun XXX. landsþings sambandsins 8. apríl 2016
- X. Frá nefndasviði Alþingis - 275. mál til umsagnar
- Y. Fundargerð 836. fundar stjórnar sambandsins
- Z. Frá nefndasviði Alþingis - 32. mál til umsagnar
- AA. Skráning - Vormót borgar-, bæjar- og sveitarstjóra Íslands 2016 á Norðanverðum Vestfjörðum
- BB. Náttúruleugar og flokkun þeirra
- CC. Hádegisfundur: "Nýjasta nýtt í fjarskiptum 2016" - Grand hóteli 9. mars kl. 12-14
- DD. Fundargerð 835. fundar stjórnar sambandsins
- EE. Garðyrkjuverðlaun 2016
- FF. Flugöryggisljós á rannsóknarvindmyllum á Hafi
- GG. 170. fundur HES – fundargerð
- HH. Fundargerð málefnum fatlaðra vegna Bergisans bs.
- II. Til umsagnar 352. mál frá nefndasviði Alþingis

Hreppsnefnd

Fundargerð yfirlésins, samþykkt.
Fleira ekki gert.
Fundu slitið kl. 11:40

Elín Grétarsdóttir (sign)

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

Karl Ölvisson (sign)

Egill Sigurðsson (sign)

Nanna Jónsdóttir (sign)